



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2017

LIME2TÍ05

Tíska - ljósmyndir

Kennari:	Árni Blandon	Sk.st.	ÁB
-----------------	---------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing

Titill	Listir og menning: Tíska – ljósmyndir - sjálfsnám
Námsgrein	Listir og menning
Viðfangsefni	Kynning á ýmsum þáttum menningar og lista, tísku- og ljósmyndasögu
Skammstöfun	LIME2TÍ05
Þrep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Kennslubækur: 1. <i>Tíska</i> eftir Gertrud Lehnert. Háskólaútgáfan 2. <i>The Photography Book</i> Útgefandi: Phaidon Markmið áfangans er að nemandinn geri sér grein fyrir eðli þeirra þátta sem mótað hafa listsköpun mannsins í gegnum aldirnar. Áfanganum er skipt upp í þrjár lotur þar sem nemendur kynna og vinna heildrænt með menningar-samhengið á ákveðnum stað á ákveðnum tíma s.s. borg eða land t.d. Vínarborg 1900 eða Gríska menningu og listir til forna; nemendur skoða alla þætti listalífsins, myndlist, handverk, hönnun, tónlist, dans, leiklist, hvern í samhengi við annan og við félagslegt og heimspekilegt umhverfi. Tvær lotur eru síðan helgaðar námi í sögu ljósmynda og tísku. Vinna í áfanganum fer að mestu fram í hópum þar sem hver hópur tekur fyrir ákveðna þætti menningarinnar, leitar heimilda, vinnur úr þeim og kynnir að lokum fyrir öðrum nemendum. Áfanginn kallar á kennsluhætti þar sem nemendur eru virkir og sjálfstæðir í þekkingarleit og læra að skipuleggja vinnu í frjálsu hópastarfi. Nemendur þjálfast í að kynna niðurstöður sínar á fjölbreytilegan hátt og taka þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda. Menningarferð farin til Reykjavíkur, til dæmis á listasöfn.
Forkröfur	LIME1IN05 eða áfangi á fyrsta þrepi í grunnfögum
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á eftirfarandi hugtökum: • Menning, menningarsamhengi, hámenning, lágmennning. Myndlist, handverk, hönnun, framleiðsla, byggingarlist, húsagerð. • Skraut, fatnaður, dans, leiklist (sviðsetning, búningar, kvikmyndun), tónlist (taktur, hrynjandi, reglufesta). Hefðir, breytingar. • Formbygging í ljósmyndum • Þróun tískunnar
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í: • Samvinnu • Umræðum • Flutningi á fræðsluefni • Umfjöllun um breytingar á tísku á mismunandi tímabilum • Að átta sig á því hvað er listrænt í ljósmyndum

Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Taka listrænar ljósmyndir • Vinna í tískuheiminum • Halda áfram námi í listum
Námsmat	Símat: Þrjú hlutapróf (39%), tvö verkefni sem unnin eru í hópum (16% og 25%), menningarferð (10%) og mæting + vinnuframlag: 10%

Selfossi, janúar 2017

Árni Blandon